



Fundargerð 2. stjórnarfundar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 12. mars 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Páll Jónsson (PJ), Baldvin Hansson (BH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Valdemar Johnsen (VJ) varamenn.

AÓS ritaði fundargerð.

1. Stjórn

Stjórn skipti með sér verkum og ákvað fundartíma.

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir er skipuð ritari, Baldvin Hansson gjaldkeri og Tryggvi Magnús Þórðarson er skipaður varaformaður til eins árs.

Jafnframt er starfsmanni falið að rita fundargerðir komandi tímabils.

Fundartímar munu vera að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl 19:30.

2. Starfsmannamál

Ráðningarsamningur við starfsmann rennur út 22. mars.

Formanni falið að ganga til samninga við núverandi starfsmann og leggja ráðningarsamning ásamt starfslýsingu fyrir næsta stjórnarfund.

3. Reglur vegna úthlutunar styrkja

Málið rætt og starfsmanni falið að gera drög að auglýsingu og leggja fyrir næsta fund. Úthlutað verður kr. 1.500.000 að þessu sinni til tækjakaupa og uppbyggingar og kr. 1.000.000 í barnastarf.

Hanna Rún kom inn á fund undir þessum lið kl 19:52.

4. Námskeiðahald

Búið er að auglýsa námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefndarmenn. Námskeiðin verða í tveimur hlutum, fyrri hlutinn verða fyrirlestrar á netinu og seinni hlutinn er verklegur hluti.



Baldvini falið að fylgja námskeiðahaldi eftir, yfirfara námsefni og finna tímasetningar fyrir komandi námskeið ásamt því að huga að kynningarfundum fyrir keppendur.

5. Önnur mál

- Endurskoða þarf hlutverk öryggisráðs og hvernig efla megi starf þess. Baldvin og Ari munu yfirfara reglur ráðsins og leggja minnisblað fyrir næsta fund.
- Erindi barst er varðar dómaraskírteini í drifti. Leggja þarf til við drift ráð að halda námskeið fyrir staðreyndadómara. Formanni falið að svara fyrirspurninni og fylgja málinu eftir.
- Endurskoða þarf skipun fulltrúa AKÍS í keppnisráðunum. Starfsmanni falið að taka saman minnisblað fyrir næsta fund þar sem þetta verður tekið fyrir.

Næsti fundur: fjarfundur 26. mars kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20:27